

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um forstöðumenn ríkisstofnana sem fara umfram heimildir í fjárlögum.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hversu margir forstöðumenn ríkisstofnana hafa frá 1995 ítrekað farið umfram heimildir í fjárlögum og þar af leiðandi:
  - a. verið áminntir í starfi,
  - b. fengið tilsjónarmenn með rekstri, og
  - c. verið vikið úr starfi?
2. Túlkar fjármálaráðuneytið það sem lögbrot að reka ríkisstofnun ítrekað umfram heimildir í fjárlögum?

Skriflegt svar óskast.